

Þróunarsjóður innflytjendamála

Development Fund for Immigration Issues

Heiti verkefnis: Spjöllum með hreim

Nafn styrkþega: Borgarbókasafn Reykjavíkur

Útdráttur: Verkefnið *Spjöllum með hreim* hófst árið 2023 sem þróun á fyrra verkefni, *Spilum og spjöllum*, sem hafði verið starfrækt á Borgarbókasafninu frá 2020. Markmið verkefnisins er að skapa öruggt og aðgengilegt umhverfi þar sem þátttakendur geta æft sig í að tala íslensku með fjölbreyttum og óhefðbundnum aðferðum undir leiðsögn reyndra kennara.

Verkefnið samanstendur af fjórum tegundum viðburða: *Spilum og spjöllum*, *Föndrum og spjöllum*, *Lesum og spjöllum* og *Skoðum og spjöllum*. Hver viðburður leggur áherslu á samskipti og virka þátttöku, þar sem notast er við leik, lestur, skapandi starf og heimsóknir á menningarstofnanir til að efla orðaforða og sjálfstraust þátttakenda í íslensku tali.

Niðurstöður sýna að verkefnið hefur notið mikilla vinsælda og skapað jákvætt og afslappað andrúmsloft sem hvetur til þátttöku og samskipta. Aðlögun á fyrirkomulagi viðburða, svo sem sveigjanleiki í föndri og brottfall heimaverkefna, hefur stuðlað að aukinni þátttöku og betri námsupplifun. Sérstaklega reyndust heimsóknir á söfn vinsælar, þar sem þátttakendur fengu tækifæri til að kynna íslenskri menningu á eigin forsendum.

Árið 2023 voru haldnir 32 viðburðir með samtals 782 gestum. Aukning í þátttöku kallaði á breytt skipulag, þar sem aðstoðarfólk var fengið til að styðja við kennslu og tryggja gæði upplifunar. Verkefnið sýnir að óformleg og félagsleg nálgun í tungumálanámi getur haft jákvæð áhrif á þátttöku, sjálfstraust og tungumálafærni innflytjenda.

Project title: Let's Chat with an Accent

Name of Grantee: Borgarbókasafn Reykjavíkur

Abstract: The project *Spjöllum með hreim* (Let's Chat with an Accent) was launched in 2023 as a development of the earlier initiative *Spilum og spjöllum* (Play and Chat), which has been offered at the Reykjavík City Library since 2020. The aim of the project is to create a safe and accessible environment where participants can practice speaking Icelandic using diverse and non-traditional methods under the guidance of experienced instructors.

The programme consists of four types of events: *Play and Chat*, *Craft and Chat*, *Read and Chat*, and *Explore and Chat*. Each format emphasizes interaction and active participation,

using games, reading, creative activities, and visits to cultural institutions to enhance vocabulary and build participants' confidence in spoken Icelandic.

Findings indicate that the project has been highly successful in fostering a positive and relaxed atmosphere that encourages engagement and communication. Adjustments to the programme structure, such as increased flexibility in craft sessions and the removal of homework requirements, have improved accessibility and learning outcomes. Visits to museums and cultural institutions were particularly well received, providing participants with opportunities to engage with Icelandic culture in an inclusive and meaningful way.

In 2023, a total of 32 events were held, attracting 782 participants. The growing number of attendees led to organisational adaptations, including the introduction of support staff to maintain quality and ensure effective facilitation. The project demonstrates that informal, socially oriented approaches to language learning can significantly enhance participation, confidence, and language acquisition among immigrants.